

AUGLÝSING

um staðfestingu á starfsreglum stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kunngjörir hér með að hann hefur staðfest starfsreglur stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, sem settar eru á grundvelli 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 8. gr. laga um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, nr. 65/2020, og samþykktar hafa verið af stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs. Starfsreglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. september 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Heimir Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.

STARFSREGLUR stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

1. gr.

Almennt.

Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur að leiðarljósi að fjárfesta í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerðar nr. 255/2021 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð og starfsreglna þessara með það að markmiði að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi.

2. gr.

Stjórn.

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs annast eftirfarandi verkefni auk þeirra sem lög bjóða sérstaklega:

1. Hefur yfirumsjón með rekstri og umsýslu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs,
2. auglýsir eftir umsóknum um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum,
3. fer yfir og metur umsóknir um þátttöku í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum,
4. ákvarðar um þátttöku í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum og samþykkir endanlega samninga um aðkomu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að þeim,
5. starfar með umsýsluaðila Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs,
6. hefur eftirlit með umsýsluaðila Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að því er varðar daglega starfsemi Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, og
7. ber ábyrgð á ávöxtun á þeim fjármunum Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs sem eru í vörslum sjóðsins á hverjum tíma, gerð ársreiknings og ársskýrslu um starfsemi og fjárfestingar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Ráðherra skipar formann stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum og ákveður starfshætti sína og fundahöld.

Stjórn skal að minnsta kosti halda fund innan 14 daga frá því umsóknarfrestur um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum rann út til að fara yfir umsóknir og ákvarða um þátttöku í sjóðum umsækjenda.

Á milli reglulegra funda þar sem farið er yfir umsóknir og teknar ákvarðanir um þátttöku Kríu – sprota og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum skal stjórn hittast eins oft og þurfa þykir.

Formaður stjórnar skal boða til funda og skal fundarboð að jafnaði sent með a.m.k. viku fyrirvara. Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er hæf til að taka ákvarðanir ef allir stjórnarmenn sækja fund. Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna stjórnar.

Stjórn skal halda gerðabók.

3. gr.

Umsýsluaðili.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur með höndum daglegan rekstur Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs á grundvelli samnings við ráðherra. Í daglegum rekstri felst meðal annars að:

1. annast kynningu á Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði, útbúa kynningarefni og upplýsingar um starfsemi sjóðsins, markmið hans, skilyrði sem gilda um fjárfestingar o.fl.,
2. útbúa auglýsingar um umsóknir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum og senda á stjórn til yfirferðar og staðfestingar eigi síðar en 7 dögum áður en auglýsingin á að birtast,
3. hafa með höndum birtingu auglýsinga um umsóknir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur staðfest,
4. móttaka og vinna umsóknir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum, sjá um samskipti við umsækjendur og senda umsóknir til stjórnar til yfirferðar svo fljótt sem auðið er eftir að umsóknarfrestur rann út,
5. tilkynna umsækjendum um niðurstöðu ákvarðana stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs um þátttöku í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum,
6. annast samningagerð fyrir hönd Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs gagnvart rekstraraðila viðurkennds sjóðs sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur ákveðið að taka þátt í, sjóðnum sjálfum og meðfjárfestum á grundvelli þeirra skilyrða sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur sett fyrir áskrift sinni og senda samningsdrög til stjórnar til yfirferðar og endanlegrar staðfestingar,
7. sjá um samskipti við og eftirlit með rekstraraðilum viðurkenndra sérhæfðra sjóða sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur tekið þátt í,
8. halda utan um og varsla eignarhluta eða eignaraðild Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í þeim viðurkenndu sérhæfðu sjóðum sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur tekið þátt í með traustum og vönduðum hætti þannig þau réttindi sem fylgja eignarhluta og/eða eignaraðild Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs séu tryggð, og
9. hafa með höndum ávöxtun á eigin fé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs innan þeirra fjárfestingarheimilda sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar nr. 255/2021 eftir því sem við á.

Umsýsluaðili skal skila stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skýrslu um starfsemi sjóðsins ársfjórðungslega þar sem meðal annars skulu koma fram upplýsingar um fjárfestingar þeirra sjóða sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur tekið þátt í og árangur undirliggjandi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

4. gr.

Auglýsingar um umsóknir.

Auglýsing stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs eftir umsóknum um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum skal birtast opinberlega svo oft sem þurfa þykir að mati stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Í auglýsingu skal að minnsta kosti koma fram hvaða skilyrði sérhæfður sjóður þarf að uppfylla til að Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður geti samþykkt að skrá sig fyrir stofnfé, hver hámarksfjárfesting Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs getur verið í heild og í einstaka sjóðum, hvaða gögn skuli fylgja með umsókn, hvert eigi að skila umsókn og hver umsóknarfresturinn sé.

Auglýsing um umsóknir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum skal birt í viðlesnu dagblaði, á fjölsóttum vefsíðum, samfélagsmiðlum eða öðrum

þeim vettvangi sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs telur líklegt að hún nái athygli viðeigandi aðila.

5. gr.

Umsóknir og fylgigögn.

Í umsókn viðurkennds sérhæfðs sjóðs til Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skal að minnsta kosti eftirfarandi koma fram:

1. Upplýsingar um það stofnfé sem sjóðurinn hefur safnað áskriftum að, þá fjárfesta sem hafa skráð sig fyrir stofnfé og aðra þátttakendur sjóðsins,
2. hver rekstraraðili sjóðsins er og upplýsingar um hann, þ. á m. um stjórn hans, starfsmenn, hluthafa og eigna- og stjórnunartengsl rekstraraðila við aðra lögaðila,
3. lýsing á fjárfestingarheimildum sjóðsins, stofnsamningi hans og reglum og hvernig sjóðurinn fullnægir skilyrðum laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerðar nr. 255/2021 og starfsreglna þessara, og
4. sú fjárhæð sem óskað er eftir að Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður skrái sig fyrir í sjóðnum. Með umsókn skulu að minnsta kosti fylgja eftirtalin gögn, séu þau til staðar:

1. Stofnsamningur sjóðsins,
2. fjárfestingarstefna sjóðsins,
3. starfsreglur sjóðsins,
4. áskriftarskrá þar sem fram kemur hvað hver og einn fjárfestir hefur skráð sig fyrir háu stofnfé, upplýsingar um skilyrði fyrir áskriftum ef um það er að ræða og hvert heildarstofnfé sjóðsins sé,
5. ferilskrá stjórnenda rekstraraðila sjóðsins, stjórnenda sjóðsins, ráðgjafa og eftir atvikum annarra fjárfesta,
6. starfsleyfi eða staðfesting á skráningu rekstraraðila, og
7. ársreikningar rekstraraðila fyrir síðastliðin þrjú ár.

Umsýsluaðila er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum eða fylgigögnum frá umsækjanda til að gera stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs kleift að ákvarða um þátttöku sjóðsins

6. gr.

Mat á skilyrðum fyrir fjárfestingu.

Við mat á því hvort umsókn sérhæfðs sjóðs fullnægi þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 5. gr. reglugerðar nr. 255/2021 skal stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs líta til eftirfarandi þátta hvað tilgreind atriði varðar:

1. Heildarfjárhæð viðkomandi sjóðs, þegar búið er að innheimta allt stofnfé, þarf að nema að minnsta kosti kr. 4.000.000.000 að undanskildu því stofnfé sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður skráir sig fyrir.

Sjóðurinn þarf ekki að vera fullfjármagnaður þegar umsókn er send inn en sú krafa er gerð að sjóðurinn hafi fjármagnað að minnsta kosti 70% af heildarstofnfé, að undanskildu því stofnfé sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður skráir sig fyrir, á þeim tímapunkti og er stjórn heimilt að setja það skilyrði fyrir áskrift Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að sjóðurinn verði fullfjármagnaður að ákveðnum tíma liðnum.

Þær áskriftir sem lagðar eru til grundvallar við mat á stærð sjóðsins skulu almennt ekki vera bundnar skilyrðum umfram það sem eðlilegt er með sambærilegar áskriftir. Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er þó heimilt að leggja til grundvallar áskriftir sem bundnar eru skilyrðum sem fyrrsýjanlegt er að verði uppfyllt.

Við mat á heildarfjárhæð skal sérstaklega líta til þess hvort þeir fjárfestar sem hafa skráð sig fyrir stofnfé hafi fjárhagslegan styrk til að standa við áskrift sína að stofnfé. Er stjórn heimilt að kalla eftir gögnum sem sýna fram á slíkan styrk.

2. Að sjóðnum þurfa að koma að lágmarki þrjár einkafjárfestar sem ekki eru í samstarfi. Samstarf skal m.a. vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um fjárfestingu í viðkomandi sjóði, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða

með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

- a) Hjón, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.
 - b) Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, c- og d-lið.
 - c) Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélag og systurfélag teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. a-, b- og d-lið.
 - d) Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess. Að auki skulu rekstraraðili eða ábyrgðaraðili viðkomandi sjóðs vera eigendur hluta í sjóðnum.
3. Við mat á því skilyrði að aðili sem hafi umtalsverða reynslu, þekkingu og árangur í alþjóðlegu umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja komi að sjóði eða rekstraraðila sem sækir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs kemur hvers konar þátttaka til skoðunar. Þannig getur viðkomandi aðili ýmist haft aðkomu að rekstraraðila eða sjóðnum til að mynda sem fjárfestir í sjóðnum, með setu í stjórn eða fjárfestingarráði eða sem stjórnandi eða ráðgjafi þannig að þátttaka hans sé líkleg til að þroska umhverfi sprota- og nýsköpunarfjárfestinga á Íslandi að mati stjórnar. Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er heimilt að kalla eftir gögnum sem sýnt geta fram á reynslu, þekkingu og árangur viðkomandi aðila af sprota- og nýsköpunarverkefnum, m.a. gögn um fyrri fjárfestingar hans, stjórnenda- og ráðgjafastörf.
 4. Viðkomandi sjóður má ekki hafa fjárfest hærra hlutfalli en sem nemur 25% af heildarstofnfé sínu á þeim tíma sem umsókn er send inn. Sé þátttaka Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs ákveðin eftir að sjóður hefur hafið fjárfestingar skal tryggt í reglum sjóðsins að Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður njóti sömu réttinda og eldri fjárfestar í þeim eignum sjóðsins sem þegar hefur verið fjárfest í, í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn, eins og fjárfest hefði verið í sjóðnum við stofnun hans, eftir atvikum að teknu tilliti til jöfnunarvaxta (e. *equalisation interest*). Sjóðurinn má einnig hafa lagt drög að fjárfestingum með viljayfirlýsingum eða öðrum svipuðum löggæringum séu þeir löggæringar bundnir fullnægjandi skilyrðum að mati stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.
 5. Í reglum umsækjanda skal koma fram með skýrum hætti að sjóðurinn sé bundinn af þeim skilyrðum sem fram koma í staflíðum a-d í 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2021 út líftíma sinn.

Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði er ætlað að auðvelda aðgang íslenskra sprota- og nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni. Vegna þess er nauðsynlegt að reglur umsækjanda kveði á um að tiltekið hlutfall af fjármagni sjóðsins renni til fyrirtækja sem starfa á Íslandi og eiga rætur að rekja til íslenskra hugmynda. Reikna ætti þessi viðmiðunarmörk út á grundvelli fjárhæðar til fjárfestingar eftir að búið er að draga frá allan viðeigandi kostnað sem og handbært fé og ígildi handbærs fjár.

Í samræmi við tilgang laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð skal því koma fram í fjárfestingarheimildum viðkomandi sjóðs að sjóðnum sé að meginstefnu til ætlað að fjárfesta snemma í vaxtaferli sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Skilyrðið kemur þó ekki í veg fyrir að í reglum sjóðsins sé kveðið á um möguleika á áframhaldandi þátttöku í fyrirtæki í samfloti með öðrum fjárfestum í síðari umferðum fjármögnunar.

Í reglum sjóðsins skal tryggt að það sé aðeins á ábyrgð rekstraraðila, starfsmanna hans eða sérstaks fjárfestingarráðs að taka ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins.

Reglur eða stofnsamningur sjóðsins verða enn fremur að binda hendur umsækjanda hvað skuldsetningu varðar. Í þessu skilyrði felst að sérhver aðferð rekstraraðila sem eykur áhættuskuldbindingu sjóðsins, hvort sem það er með lántöku reiðufjár eða verðbréfa, skuldbindingu vegna afleiðna eða með öðrum hætti telst óheimil. Til að gera viðkomandi sjóði kleift að bregðast við óvenjulegri lausafjárþörf, sem gæti myndast á milli innköllunar á stofnfé frá fjárfestum og raunverulegrar móttöku fjármagns á reikninga sjóðsins, ætti þó að heimila

skammtímalántöku að því tilskildu að fjárhæð slíkrar lántöku sé ekki umfram óinnheimt stofnfé sjóðsins sem fjárfestar hafa skráð sig fyrir.

6. Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs leggur mat á það hvort sjóðurinn sé settur upp í samræmi við það sem tíðkast alþjóðlega um sambærilega sjóði hvað varðar meðal annars lagalega uppsetningu, líftíma, hlutverk og þátttöku fjárfesta, ávöxtunarkröfu fjárfesta, kostnað og ábata almennra þátttakenda.

Uppsetning viðkomandi sjóðs skal vera í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- a) Fjárfestar leggja fram fé í sjóð sem stýrt er af sjálfstæðum rekstraraðila sem hefur það hlutverk að setja sjóðinn upp, safna fjárfestum og stjórna sjóðnum. Um sjóðinn gilda ákvæði stofnsamnings, reglna eða annarra samninga sem gerðir eru á milli fjárfesta og rekstraraðila um aðkomu að sjóðnum. Rekstraraðili skal vera bundinn af því að starfa í samræmi við stofnsamning, reglur sjóðsins eða aðra samninga sem kunna að vera gerðir milli aðila og skal í þessum skjölum tryggt að fjárfestar hafi enga aðkomu að ákvörðunum um einstaka fjárfestingar sjóðsins.

Stofnsamningur sjóðsins, reglur hans eða aðrir samningar um rekstur sjóðsins skulu að minnsta kosti mæla fyrir um:

- a) Fjárfestingarstefnu sjóðsins sem skal taka mið af þeim skilyrðum sem sjóðurinn þarf að uppfylla samkvæmt lögum nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerð nr. 255/2021 og starfsreglum þessum.
 - b) Umsýsluþóknarir taki mið af því sem tíðkast á alþjóðlegum markaði á hverjum tíma.
 - c) Hagnaðarskipting við uppgjör sjóðsins taki mið af því sem tíðkast á alþjóðlegum markaði á hverjum tíma.
 - d) Gert sé ráð fyrir því að sjóðurinn hafi ákveðinn líftíma og að skýr útgönguáætlun liggja fyrir.
7. Stjórn skal gera eða afla áreiðanleikakönnunar eða álits á því hvort þátttaka í sjóðnum standist ríkisstyrkjareglur EES-samningsins á rekstraraðila sjóðsins, þ.m.t. sjálfstæði hans og óhæði gagnvart öðrum lögaðilum, á sjóðnum, þ.m.t. fjárfestingarstefnu og áætlunum, stjórnendum hans og þeim fjárfestum sem skráð sig hafa fyrir stofnfé hafi nægilega reynslu af stofnun, rekstri og/eða aðkomu að viðurkenndum sérhæfðum sjóðum eða sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem og hafi nægilegan fjárhagslegan styrk og gott orðspor til að tryggja framgang sjóðsins og að markmiðum laga nr. 65/2020, um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, og reglugerðar 255/2021 megi ná.
Við mat þetta er stjórn meðal annars heimilt að líta til þeirra hæfisskilyrða sem gerð eru til eiganda virkra eignarhluta í fjármálafyrirtæki sem og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, sbr. 42. og 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og einnig 15. mgr. 21. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 651/2014 hvað rekstraraðilann varðar.
 8. Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hafi ekki áður fjárfest í viðkomandi sérhæfðum sjóði.

7. gr.

Málsmeðferð.

Við yfirferð umsókna skal ávallt farið eftir ákvæðum þessara starfsreglna sem og þeirra reglna sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt sérstaklega.

Ákvarðanir um þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skulu ávallt teknar með formlegum hætti af stjórn á stjórnarfundum. Þær upplýsingar og þau fylgigögn sem mælt er fyrir um í 5. gr. skulu að minnsta kosti liggja fyrir svo stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs sé unnt að taka afstöðu til þátttöku sjóðsins í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum.

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs getur kallað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá umsækjendum telji hún þörf á svo unnt sé að taka ákvörðun um þátttöku sjóðsins.

Hafi stjórnarmenn, eða aðilar þeim tengdir, hagsmuna að gæta varðandi umsókn tiltekins viðurkennds sérhæfðs sjóðs skulu þeir ekki vera viðstaddir yfirferð þeirrar umsóknar eða ákvörðunar stjórnar um þátttöku í sjóðnum.

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skal tilkynna umsýsluaðila um afstöðu til umsókna. Umsýsluaðili skal, í nafni stjórnar, tilkynna umsækjendum bréflaga um ákvörðun stjórnar innan sex

vikna frá því fullbúin umsókn barst stjórn og upplýsingar um næstu skref ef umsókn hefur verið samþykkt.

Stjórnarmenn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð. Þagnarskyldan nær m.a. til upplýsinga sem berast með umsóknum og í tengslum við umsóknir.

8. gr.

Þátttaka Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Uppfylli viðurkenndur sérhæfður sjóður skilyrði laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerðar nr. 255/2021 og starfsreglna þessara ákvarðar stjórn um áskrift að stofnfé í sjóðnum. Stofnfé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í hverjum einstökum viðurkenndum sérhæfðum sjóði sem samþykkt hefur verið að taka þátt í skal ekki nema hærra hlutfalli en 30% af heildar-fjármagnsframlagi og óinnheimtu stofnfé viðkomandi sjóðs og aldrei nema hærri fjárhæð en kr. 2.000.000.000. Skilyrði þessu er ætlað að tryggja að Kría – sprota og nýsköpunarsjóður verði aldrei í ráðandi hlutverki í viðkomandi sjóði. Vegna þessa skilyrðis verður að vera tryggt í stofnsamningi, reglum eða annarri samningagerð að þessi staða komi ekki upp á líftíma sjóðsins og á meðan þátttöku Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs nýtur við.

Fullnægi fleiri en ein umsókn skilyrðum reglugerðar nr. 255/2021 og starfsreglna þessara skal stjórn ákvarða að fjárhæð sú sem Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður hefur heimild til að skrá sig fyrir á viðkomandi ári gangi hlutfallslega til áskriftar að stofnfé viðkomandi sjóða miðað við þær fjárhæðir sem sótt hefur verið um en þó að teknu tilliti til hámarksfjárhæðar skv. 1. mgr. 8. gr.

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er heimilt að skilyrða þátttöku því að í endanlegri samningagerð um stofnfé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs verði tryggt að skilyrði laga nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, reglugerðar nr. 255/2021 og starfsreglna þessara verði gætt á líftíma sjóðsins. Enn fremur getur stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skilyrt þátttöku sína við að komist verði að því í lögfræðilegri álitsgerð að þátttakan sé í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, og að gerð verði lögfræðileg áreiðanleikakönnun á viðkomandi rekstraraðila, sjóði eða stjórnendum er tekur til dæmis til réttar skráningar rekstraraðila, sjóðs og hæfni og reynslu stjórnenda.

Umsýsluaðili skal hafa með höndum samningagerð fyrir hönd Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs við rekstraraðila þess viðurkennda sérhæfða sjóðs sem stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs hefur tekið ákvörðun um að leggja til stofnfé, sjóðinn sjálfan eða eftir atvikum meðfjárfesta, hvort sem um er að ræða aðkomu að stofnsamningi, samstarfssamningi eða öðru sem bindur rekstraraðila sjóðsins, sjóðinn sjálfan, Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð eða aðra meðfjárfesta. Í samningagerðinni sem staðfest skal af stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skal tryggt að rekstraraðili sjóðsins og viðkomandi viðurkenndur sérhæfður sjóður verði á líftíma sínum bundinn af þeim skilyrðum sem gilda um aðkomu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að honum.

Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður tekur hliðstæða fjárhagslega áhættu og samstarfsaðilar og/eða meðfjárfestar í þeim viðurkenndu sérhæfðu sjóðum sem hann leggur til stofnfé og væntir jafnframt hliðstæðrar arðsemi af þátttöku sinni. Þó er heimilt er að mæla sérstaklega fyrir um kauprétt annarra fjárfesta og/eða samstarfsaðila á hlut Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að tilteknum tíma liðnum frá fjárfestingu á verði sem er ákveðið fyrir fram í stofnsamningi viðkomandi sjóðs, reglum eða annarri samningagerð að því tilskildu að slíkur kaupréttur fullnægi skilyrðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014. Við ákvörðun um slíkt skal gæta jafnræðis milli umsækjenda og fyrirkomulag skal liggja fyrir við auglýsingu eftir umsóknum.

9. gr.

Ráðgjöf þriðja aðila.

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er heimilt að kaupa ráðgjöf sérhæfðs þriðja aðila við framkvæmd þeirra verkefna sem stjórn hefur með höndum, til dæmis við mat á umsóknum viðurkenndra sérhæfðra sjóða, við gerð áreiðanleikakönnunar eða öflunar álits og við samningagerð í tengslum við áskriftir Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Umsýsluaðila er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, að kaupa ráðgjöf sérhæfðs þriðja aðila við framkvæmd þeirra verkefna sem umsýsluaðili hefur með höndum, til dæmis að aðstoða við samningagerð, hvort umsóknir fullnægi skilyrðum o.þ.h.

Ráðgjafar sem ráðnir eru samkvæmt þessari grein skulu vera hæfir til að sinna starfi sínu og ekki hafa hagsmuna að gæta gagnvart þeim sjóðum sem sótt hafa um aðkomu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs eða rekstraraðilum þeirra. Farið skal yfir mögulega hagsmunaárekstra áður en ráðgjafar eru ráðnir.

10. gr.

Eftirfylgni með fjárfestingum.

Umsýsluaðili skal tryggja að eignarhlutdeild Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs í þeim viðurkenndu sérhæfðu sjóðum sem sjóðurinn hefur tekið þátt í séu varslaðir með öruggum og hefðbundnum hætti hjá fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi Seðlabanka Íslands og í samræmi við eðli eignarhlutans.

Umsýsluaðili skal fylgjast með að þeir viðurkenndu sérhæfðu sjóðir fjárfesti eingöngu í samræmi við samþykktu fjárfestingarstefnu og starfi að öðru leyti í samræmi við þau skilyrði sem gilda um aðkomu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs að honum.

11. gr.

Afskriftir.

Við mat á framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til hvers eðlis stofnfé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er, taphættu vegna atvinnugreina undirliggjandi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, fjárhagsstöðu samstarfsaðila og samninga að öðru leyti.

Við mat á afskriftum skal miða við reynslu hliðstæðrar starfsemi hérlendis og í nágrennalöndum. Endurmeta skal framlög á afskriftarreikning á sex mánaða fresti.